

**2007 nr. 37 27. mars****Lög um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands**

Tóku gildi 1. júlí 2008.

**■ 1. gr.**

□ Kennaraháskóli Íslands og Háskóli Íslands skulu sameinast undir einu nafni, Háskóli Íslands.

**■ 2. gr.**

□ Nemendur, sem við gildistöku laga þessara eru í námi við Kennaraháskóla Íslands, eiga rétt á að ljúka því námi við sameinaðan háskóla, Háskóla Íslands, samkvæmt því náms- skipulagi sem í gildi er við gildistöku laga þessara, miðað við gildandi reglur um námsframvindu.

**■ 3. gr.**

□ Við gildistöku laga þessara tekur sameinaður háskóli, Há-

skóli Íslands, sbr. 1. gr., við eignum og skuldbindingum Kennaraháskóla Íslands. Sama gildir um ónýttar fjárheimildir á fjárlögum fyrir árið 2008 fyrir Kennaraháskóla Íslands.

□ Við gildistöku laga þessara flytjast störf ótímabundið ráð- inna kennara, sem uppfylla skilyrði 18. gr. laga um háskóla, nr. 63/2006, og annarra ótímabundið ráðinna starfsmanna Kennaraháskóla Íslands, yfir til hins sameinaða háskóla, Há- skóla Íslands.

□ Um flutning starfa skv. 2. mgr. fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum.

□ Við gildistöku laga þessara verður embætti rektors Kenn- araháskóla Íslands lagt niður.

**■ 4. gr.**

□ Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2008. . . .